

Nd. 276. Frumvarp til laga

um ráðstafanir vegna búfjársjúkdóma.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Árlega skal safna skýrslum um búpeningssjúkdóma. Skýrslum þessum skulu dýralæknar safna með aðstoð hreppstjóra, hvers í sínum hreppi. Búendur skulu á vor- og hausthreppaskilum gefa hreppstjóra upplýsingar um sjúkdóma í búfé sínu. Landbúnaðarráðuneytið leggur til eyðublöð undir skýrslurnar.

2. gr.

Dýralæknum landsins skal skylt að ferðast einu sinni á ári um allt lækni- undæmi sitt og safna skýrslum hjá hreppstjórum og aðstoða þá við skýrslugerðina, ef þörf krefur. Fyrir þessar ferðir skal hverjum dýralækni greiddur ferðakostnaður úr ríkissjóði, eftir reikningi, allt að kr. 500,00 á ári. Skulu dýralæknarnir hafa lokið að safna skýrslum þessum fyrir 30. ágúst ár hvert.

3. gr.

Eftir að dýralæknir hefir safnað skýrslum um búfjársjúkdóma í sínu umdæmi, ber honum að semja heildarskýrslu fyrir umdæmið og senda hana ekki síðar en 15. september til landbúnaðarráðuneytisins, sem þá lætur vinna úr skýrslunum heildarskýrslu fyrir allt landið, eftir því sem nánar má ákveða í reglugerð, en heildarskýrsluna skal birta í því búnaðarriti, er Búnaðarfélag Íslands gefur út.

4. gr.

Nú drepst skepna eða skepnur skyndilega, svo að grunsamlegt sé, að hættulegur sjúkdómur bæði mönnum og skepnum geti verið á ferðinni, og skal þá tafarlaust tilkynna dýralækni í hlutaðeigandi héraði, er gerir nauðsynlegar öryggisráðstafanir svo fljótt sem unnt er.

5. gr.

Nú kemur upp faraldur í búpeningi í einhverju héraði, og skal það þá tilkynnt hlutaðeigandi dýralækni, sem tilkynnir það landbúnaðarráðuneytinu, ef faraldurinn að hans áliti er grunsamlegur um dauðsföll og smitun.

Landbúnaðarráðherra ákveður þá, að fengnum upplýsingum og í samráði við dýralækni, hvaða ráðstafanir skuli gerðar.

6. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af ráðstöfunum þeim, sem gerðar eru samkvæmt 1., 4. og 5. gr. laga þessara, greiðist úr rikissjóði.

7. gr.

Heimilt skal landbúnaðarráðherra að gera hverskonar nauðsynlegar ráðstafanir, þegar skæðir húsdýrasjúkdómar brjótast út. Þó skal hann leita álits eins eða fleiri dýralækna um slíkar ráðstafanir.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 10—500 króna sektum, nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

9. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum skulu renna í sýslusjóð, þar sem brotið er framið.

Mál þau, er rísa kunna út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.